

HEYRIR UNDIR: Stjórn SÍH

STAÐGENGILL: Formaður

ÁBYRGÐ: Mótsdagur hjá SÍH er hátíðisdagur þar sem gesti ber að garði. Mótstjóri er ábyrgur fyrir skipulagi og undirbúningi fyrir tiltekið mót með áherslu á að Iðavellir og nánasta umhverfi sé snyrtilegt og félaginu til sóma. Mótstjóri er æðstráðandi á staðnum hvað varðar skipulag og umgjörð mótsins en yfirdómari er æðstráðandi á túlkum á keppnisreglum.

LÝSING: Stjórn SÍH ræður mótstjóra til að skipuleggja og stýra tilteknu móti.

Hlutverk mótstjóra meðal annars eftirfarandi:

- skipuleggja og undirbúa tiltekið mót með góðum fyrirvara með stuðningi við gátlista 620
- úthluta félagsmönnum hlutverkum til að skipulag og áætlanir gangi eftir.
- tryggja að skotsvæðið og húsakynni séu ný þriffin.
- setja og slíta móti með formlegum hætti.
- sjá til þess að viðeigandi verðlaun séu til staðar við verðlaunaafhendingu, þar á meðal farandbikarar.
- sjá til þess að mótagjöld séu innheimt
- sjá til þess að viðeigandi veitingar séu til staðar þegar það á við.
- sjá til þess að rásnúmer séu til staðar þegar það hefur verið ákveðið.
- skipuleggja riðla og draga um ráðsröð.
- sjá til þess að riðlaskipting liggi fyrir á mótstað degi fyrir lands- og opinmót.
- sjá til þess að skorablöð séu útfyllt.
- sjá til þess að flaggað sé með viðeigandi og löglegum hætti.
- sér til þess að árangur keppenda sé skráður á skratöflu.
- sjá til þess að gengið sé frá velli og annarri aðstöðu að móti loknu